Nefndasvið
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. maí 2015

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, 571. mál.

Með minnisblaði til efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 27. apríl sl., gerði fjármála- og efnahagsráðuneytið grein fyrir viðbrögðum ráðuneytisins við umsögnum um ofangreint frumvarp. Með bréfi þessu vill Landsbankinn koma á framfæri athugasemdum við þau efnisatriði í minnisblaði ráðuneytisins sem lúta að því að útfæra reglur um breytileg starfskjör þannig að aðrar og vægari reglur gildi um minni fjármálafyrirtæki en stærri fjármálafyrirtæki.[1]

Í minnisblaðinu er varpað fram hugmyndum um eftirfarandi: (a) Að hlutfall breytilegra starfskjara geti verið hærra fyrir ákveðnar tegundir fyrirtækja miðað við efnahagsreikning, (b) að hluthafar í ákveðnum tegundum fyrirtækja eða fyrirtækjum undir ákveðnum stærðarmörkum geti samþykkt hærra hlutfall breytilegra starfskjara, og (c) að vægari reglur geti gilt um fyrirtæki sem eru ekki kerfislega mikilvæg eða fyrirtæki sem taka ekki við innstæðum. Í minnisblaðinu er staðhæft að færa megi rök fyrir því að slíkar sérreglur geti leitt til hvata fyrir stóra eða meðalstóra viðskiptabanka til þess að aðskilja ákveðna starfsemi frá aðalstarfsemi sinni (þ.á m. móttöku innstæðna) með starfrækslu dótturfélaga með takmarkað starfsleyfi, og að slíkt gæti minnkað áhættu í fjármálakerfinu.

Að mati Landsbankans standa rök ekki til þess að gera greinarmun á fjármálafyrirtækum að því er varðar útfærslu ákvæða í lögum eða stjórnvaldsreglum um hlutfall breytilegra starfskjara. Landsbankinn lítur svo á að það væri með öllu óeðlilegt og óheppilegt að gera slíkan greinarmun, hvort sem hann byggði á stærð eða tegundum starfsleyfa fyrirtækjanna.

Vissulega er í ýmsum tilfellum eðlilegt og viðurkennt að reglur og eftirlitsframkvæmd taki mið af stærð og starfsemi fjármálafyrirtækja, t.d. að því er varðar eigið fé og áhættustýringu. Í CRD IV tilskipuninni er að finna dæmi um þetta og má þar nefna ákvæði um eiginfjárauka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki. Í CRD IV er þannig gert ráð fyrir að stærri fjármálafyrirtæki búi að ýmsu leyti við strangari kröfur en hin smærri. Það er bæði rétt og skylt að innleiða slíkar kröfur í íslenskan rétt. Að mati Landsbankans er það hins vegar afar vafasamt að kveða í íslenskum reglum á um sérkröfur sem byggja ekki á CRD IV og leiða til skerðingar á samkeppnishæfni tiltekinna fjármálafyrirtækja hér á landi.

CRD IV tilskipunin kveður ekki á um útfærslu á sérreglum um hlutfall breytilegra starfskjara sem samræmast þeim hugmyndum sem settar eru fram í minnisblaði ráðuneytisins. Þau varúðarsjónarmið sem reglur um breytileg starfskjör byggja á eru almenns eðlis og er ekki ætlað að taka á kerfisáhættu sem stafar sérstaklega af stærri fjármálafyrirtækjum eða fjármálafyrirtækjum í tiltekinni starfsemi. Mikilvægt er að íslenskar reglur um hlutfall breytilegra starfskjara séu ekki í ósamræmi við ákvæði CRD IV að þessu leyti. Þá er varhugavert að telja að starfsemi minni fjármálafyrirtækja geti ekki leitt til smit- eða kerfisáhættu og fjármálalegs óstöðugleika hér á landi.

---

[1] Sjá hér einkum umfjöllun í 5. mgr. í undirkaflanum *„Almennt um 25. og 26. gr. frumvarpsins (Starfskjarastefna og breytileg starfskjör)"* í minnisblaði ráðuneytisins.

Landsbankinn telur ljóst að ef settar yrðu vægari reglur um smærri fjármálafyrirtæki eða um fjármálafyrirtæki í tiltekinni starfsemi myndi það leiða til ójafnræðis og óeðlilegrar skerðingar á samkeppnishæfni milli fjármálafyrirtækja innbyrðis. Það er í þágu heilbrigðrar samkeppni, skilvirkni á fjármálamarkaði og hagsmuna neytenda að regluumhverfi sé þannig að öll fjármálafyrirtæki, bæði stærri og smærri, hafi sömu tækifæri til eðlilegrar og heilbrigðrar samkeppni. Það er ekki hlutverk laga og stjórnvaldsreglna að mismuna keppinautum. Hlutverk þeirra er þvert á móti að sjá til þess að fyrirtæki búi við sömu samkeppnisskilyrði og að fyrirtækin skerði ekki samkeppni með ólögmætum aðgerðum sínum.

Stærri fjármálafyrirtæki eru í samkeppni við önnur, þ.m.t. smærri, fjármálafyrirtæki um starfsfólk og þurfa að búa við sama regluumhverfi að því er varðar möguleika að laða til sín hæft starfsfólk, halda því og hvetja með umbun sem er í samræmi það sem almennt gerist hjá keppinautum. Sérreglur á þessu sviði sem gilda einungis um tiltekin fjármálafyrirtæki eru því óheppilegar.

Í þessu samhengi er rétt að benda á að Landsbankinn er eini viðskiptabankinn hér á landi sem fellur undir sérreglu 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð. Af hálfu Landsbankans hefur ítrekað verið bent á að þessi regla sé óeðlileg.

Stærri fjármálafyrirtæki hér á landi búa nú þegar við strangara umhverfi á sviði fjármála- og samkeppniseftirlits en hin smærri. Að mati Landsbankans væri óeðlilegt að ætla reglum um hlutfall breytilegra starfskjara eitthvert hlutverk í að skerða samkeppnishæfni stærri fjármálafyrirtækja gagnvart smærri fyrirtækjum. Slíkt væri í ekki í samræmi við CRD IV eða reglur sem almennt gilda í EES-ríkjum, hvort sem um er að ræða varúðarreglur eða samkeppnisreglur.

Þá má benda á að í smærri fyrirtækjum eru stjórnendur og starfsmenn oftar hlutfallslega stærri eigendur í fyrirtækjunum en almennt tíðkast í stærri fyrirtækjum. Oft eru arðgreiðslur i smærri fyrirtækjum því hlutfallslega í ríkari mæli til stjórnenda og starfsmanna en arðgreiðslur í stærri fyrirtækjum. Smærri fyrirtæki geta að þessu leyti haft önnur tækifæri til að umbuna stjórnendum og starfsmönnum en stærri fyrirtæki.

Að lokum vill Landsbankinn benda á að vafasamt verður að telja, eins og gert er í minnisblaði ráðuneytisins, að sérreglur um hlutfall breytilegra starfskjara geti leitt til hvata fyrir stóra eða meðalstóra viðskiptabanka til þess að aðskilja ákveðna starfsemi frá aðalstarfsemi sinni (þ.á m. móttöku innstæðna) með starfrækslu dótturfélaga með takmarkað starfsleyfi, og að slíkt gæti minnkað áhættu í fjármálakerfinu. Að mati Landsbankans er þörf á mun ítarlegri og vandaðri umfjöllun um tengsl þeirra atriða sem nefnd eru í þessu samhengi.

Virðingarfyllst,

Steinþór Pálsson,
bankastjóri